

Nd. **507. Nefndarálit** [218. mál]
um frv. til laga um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Afnotaréttur sveitarfélaga þeirra, sem um ræðir í lögum þessum, til beittlanda og afrétta helzt óbreyttur eins og verið hefur þrátt fyrir ákvæði laga þessara.
2. Á eftir 3. gr. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Gullbringusýslu, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringusýslu og sýslumannsins í Kjósarsýslu.
2. Eignaskipti og skuldaskil, sem leiðir af tilfærslu hreppa á milli sýslanna, skulu fara fram hið fyrsta. Rísi ágreiningur, sker félagsmálaráðherra úr.

Gísli Guðmundsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1973.

Svava Jakobsdóttir,
form., frsm.
Ólafur G. Einarsson.

Bjarni Guðnason,
fundaskr.
Stefán Valgeirsson.

Pétur Pétursson.
Ellert B. Schram.